

Nr. 2.

4.  
marz.

## Lög

um

ábyrgð ráðherra Íslands.

**Vjer Christian hinn Níundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Ráðherrann ber ábyrgð á stjórnarathöfninni, og má því krefja hann ábyrgðar fyrir sjerhver störf eða vanrækt starfa, er hann hefur orðið sekur um, ef málið er svo vaxið, að hann hefur annaðhvort af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi farið í bága við stjórnarskipunarlög landsins eða önnur lög þess, eða að öðru leyti fyrirsjáanlega stofnað heill almennings eða einstaklings í hættu.

## 2. gr.

Það varðar ráðherrann ábyrgð eptir lögum þessum:

- a. ef hann útvegar konungsundirskript undir bráðabirgðarlög, tilskipanir eða aðrar ályktanir, er fara í bága við stjórnarskipunarlög landsins, sjerstaklega ef hann útvegar konungsundirskript undir bráðabirgðarfjárlög, án þess að þinginu hafi verið gefinn kostur á að leiða fjárlögin til lykta. Hið sama er og, ef hann lætur farast fyrir að bera upp fyrir konungi lög, tilskipanir eða aðrar ályktanir, er konungsundirskript útheimtist til eptir stjórnarskipunarlögunum.
- b. ef hann framkvæmir sjálfur, fyrirskipar framkvæmd á eða lætur viðgangast, af ásettu ráði eða fyrir stórkostlegt hirðuleysi, að framkvæmt sje nokkuð það, er fer í bága við stjórnarskipunarlög landsins, eða lætur farast fyrir að framkvæma nokkuð það, sem þar er fyrirskipað eða veldur því, að framkvæmd þess farist fyrir.
- c. ef hann verður þess valdandi, að nokkuð það sje ráðið eða framkvæmt, er skert getur frelsi eða sjálfsforræði landsins.

## 3. gr.

Og enn varðar það ráðherrann ábyrgð eptir lögum þessum, ef hann veldur því, að brotið sje gegn öðrum lögum landsins en stjórnarskipunarlögum þess:

- a. með því að leggja fyrir konung til undirskriptar ályktan, tilskipun eða erindi, er fer í bága við lögin, eða með því að láta farast fyrir að útvega konungsundirskript undir ályktan, tilskipun eða erindi, þar sem konungsundirskript er lögmaelt.
- b. með því að framkvæma eða valda því, að framkvæmt sje nokkuð það, er fer í bága við fyrirmæli laganna, eða með því að láta nokkuð ógjört sem heimtað er í lögum, eða verða þess valdur, að slík framkvæmd farist fyrir.

Nr. 2. Lög 4. marz um ábyrgð ráðherra Íslands.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

## Lov

om

### Islands Ministers Ansvarlighed.

Nr. 2.  
4de  
Marts.

**Vi Christian den Niende**, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenburg,

*Gøre vitterligt*: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

#### § 1.

Ministeren er ansvarlig for Regeringens Førelse, hvorfor han kan kræves til Ansvar for enhver Handling eller Undladelse af at handle, som han er bleven skyldig i, saafremt Sagen er af den Beskaffenhed, at han enten forsætlig eller af grov Uagtsomhed har handlet imod Landets Forfatningslov eller andre af dets Love, eller iøvrigt paa en forudseelig Maade har bragt Almenhedens eller Enkeltmands Vel i Fare.

#### § 2.

Ministeren ifalder Ansvar efter denne Lov:

- a. hvis han forskaffer Kongens Underskrift under en foreløbig Lov, Forordning eller anden Resolution, som er i Modstrid mod Landets Forfatningslov, særlig hvis han forskaffer Kongens Underskrift under en foreløbig Finanslov, uden at Altinget har haft Adgang til at tilendebringe Behandlingen af Finansloven. Det samme gælder hvis han undlader at forebringe for Kongen Love, Forordninger eller andre Resolutioner, som efter Forfatningsloven udkræve Kongens Underskrift.
- b. hvis han selv udfører, foreskriver udført eller forsætlig eller af grov Uagtsomhed taaler at der udføres noget, som er i Strid med Landets Forfatningslov, eller undlader at udføre noget, som der er foreskrevet, eller bevirker Udførelsens Undladelse.
- c. hvis han foraarsager, at noget beslattes eller udføres, som kan gøre Skaar i Landets Frihed eller Selvstændighed.

#### § 3.

Fremdeles ifalder Ministeren Ansvar efter denne Lov, saafremt han foraarsager, at Landets andre Love end dets Forfatningslov overtrædes:

- a. ved at forelægge Kongen til Underskrift en Resolution, Forordning eller Dokument, som strider imod Loven, eller ved at undlade at erhverve Kongens Underskrift under en Resolution, Forordning eller Dokument, hvor Kongens Underskrift er lovbefalet.
- b. ved at udføre eller foraarsage at noget udføres, som strider imod Lovens Bud eller ved at undlade at udføre noget, som er befalet i Loven, eller foraarsage at en saadan Udførelse undlades.

Nr. 2. Lov af 4de Marts om Islands Ministers Ansvarlighed.

Nr. 2.

4.  
marz.

Loks verður ráðherrann sekur eptir lögum þessum, ef hann framkvæmir nokkuð eða veldur því, að framkvæmt sje nokkuð, er fyrirsjáanlega getur orðið almenningi eða einstaklingi að tjóni, þótt eigi sje framkvæmd þess bönnuð í lögum. Hið sama er og, ef hann lætur farast fyrir að framkvæma nokkuð það, er fyrirsjáanlega gat forðað almenningi eða einstaklingi við tjón, eða veldur því að slík framkvæmd ferst fyrir.

5. gr.

Brot gegn 2. gr. varða embættismissi, eða sektum frá 500—5000 kr., ef málsbætur eru.

Brot gegn 3. gr. varða alt að 5000 kr. sektum eða embættismissi, ef miklar sakir eru.

Brot gegn 4. gr. varða alt að 5000 kr. sektum.

Hafi ráðherrann jafnframt brotið gegn hinum almennu hegningarlögum, bætist hegning sú, er hann hefur unnið til eptir þeim, við hegningu þá, er honum er gjörð í lögum þessum.

6. gr.

Sektir eptir lögum þessum renna í landssjóð. Verði sektin ekki öll greidd í ákveðinn tíma, skal einfalt fangelsi koma í hennar stað, og skal ákveða í dóminum, eptir öllum málavöxtum, hve langt það skuli vera.

7. gr.

Hafi ráðherrann bakað almenningi eða einstaklingi fjártjón með framkvæmd eða vanrækslu, sem hegningarverð er eptir lögum þessum, skal og, þegar þess er krafizt, jafnframt hegningunni, dæma hann til að greiða skaðabætur, en um skaðabótaskyldu hans fer eptir almennum reglum.

8. gr.

Málshöfðun eptir lögum þessum getur eigi átt sjer stað, ef 5 ár líða frá því, er brot var framið, án þess að alþingi hafi tekið ályktun um málshöfðun.

9. gr.

Ákvarðanir laga þessara ná einnig til landritarans, þegar hann gegnir ráðherra-störfum á eigin ábyrgð, enda dæmi hæstirjettur, þangað til öðruvísi verður ákveðið með lögum, í málum á móti honum, eptir sömu reglum og í málum á móti ráðherranum.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, er skipaður er sjerstakur ráðherra fyrir Ísland.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 4. marz 1904.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

***H. Hafstein.***

## § 4.

Endelig ifalder Ministeren Ansvar efter denne Lov, hvis han udfører eller forårsager at noget udføres, som kan forudses at ville volde Almenheden eller Enkeltmand Tab, selv om Udførelsen ikke er forbudt i Loven. Det samme gælder hvis han undlader at udføre noget, som kan forudses at ville afvende Tab fra Almenheden eller Enkeltmand eller forårsager at en saadan Udførelse undlades.

## § 5.

Overtrædelse af § 2 straffes med Embedsfortabelse eller under formildende Omstændigheder med Bøder fra 500—5000 Kr.

Overtrædelse af § 3 straffes med Bøder indtil 5000 Kr. eller under skærpene Omstændigheder med Embedsfortabelse.

Overtrædelse af § 4 straffes med Bøder indtil 5000 Kroner.

Har Ministeren samtidig overtraadt almindelig Straffelov, føjes den ham efter denne ifaldne Straf til den for ham i nærværende Lov foreskrevne Straf.

## § 6.

Bøder ifølge denne Lov tilflyde Landskassen. Betales ikke hele Bøden til bestemt Tid, træder i dens Sted simpelt Fængsel, hvis Varighed bestemmes i Dommen efter Sagens Omstændigheder.

## § 7.

Har Ministeren ved en efter denne Lov strafbar Handling eller Undladelse forårsaget Almenheden eller Enkeltmand et formueretligt Tab, skal han endvidere samtidig med Straffen idømmes Skadeserstatning. Med Hensyn til Skadeserstatningspligten forholdes efter de almindelige Regler.

## § 8.

Sagsanlæg efter denne Lov kan ikke finde Sted, naar 5 Aar ere forløbne efter at Overtrædelsen er begaaet, uden at Altinget har truffet Bestemmelse om at rejse Anklage.

## § 9.

Nærværende Lovs Bestemmelser omfatte ogsaa Landssekretæren, naar denne fungerer som Minister paa eget Ansvar, hvorhos Sager imod ham, indtil anderledes bestemmes ved Lov, paadømmes af Højesteret efter de samme Regler som Sager imod Ministeren.

## § 10.

Denne Lov træder i Kraft den Dag, da der beskikkes en særlig Minister for Island.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 4de Marts 1904.**

Under vor Kongelige Haand og Segl.

***Christian R.***

(L. S.)

***H. Hafstein.***

**Islands Minister, den 4de Marts 1904.**

***H. Hafstein.***

***Ólafur Halldórsson.***